


KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Benjamin Shwartz, hljómsveitarstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid

Tónleikar í Háskólabíói 20. janúar 2011 kl. 19.30

Benjamin Schwartz, hljómsveitarstjóri

KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Erich W. Korngold	Captain Blood, forleikur (1935)
Erich W. Korngold	The Adventures of Robin Hood (1938) Fight, Victory and Epilogue
Bernard Herrmann	Psycho, hljómsveitarsvíta (1960) Prelude Murder Finale
Jerry Goldsmith	Planet of the Apes, hljómsveitarsvíta (1968) The Search Continues The Clothes Snatchers The Hunt
Hlé	
Jonny Greenwood	Popcorn Superhet Receiver (2005/2007)
Nino Rota	The Godfather (1972) Sicilian Pastorale Love Theme
John Barry o.fl., úts. J. Tyzik	The Best of Bond (1962–1987) Dr. No – Nobody Does it Better Live and Let Die – For Your Eyes Only The Look of Love – 007 – Thunderball Dr. No
John Williams	Star Wars (1977) Title Theme



Tónleikarnir eru í beinni útsendingu
á Rás 1 og aðgengilegir í tvær vikur
á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Þótt hann sé enn á þrítugsaldri hefur bandaríski hljómsveitarstjórinn Benjamin Schwartz þegar vakið athygli víða um lönd fyrir hæfileika sína. Hann ólst upp í Los Angeles og Ísrael, og lærði við Curtis-tónlistarháskólann í Fíladelfíu þar sem hann starfaði náið með Christoph Eschenbach. Hann nam einnig tónsmíðar hjá James Primrosch við Pennsylvaníu-háskóla, hjá Karlheinz Stockhausen í Þýskalandi og við IRCAM-stofnunina í París.

Shwartz vakti verulega athygli þegar hann komst á verðlaunapall í Gustav Mahler-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2007, og hefur nú nýlokið þriggja ára samningi sem aðstoðarstjórnanndi við Sinfóníu-hljómsveitina í San Francisco, auk þess sem hann stýrði einnig hljómsveitarstarfi ungs fólks í sömu borg. Shwartz hefur þegar stjórnað ýmsum hljómsveitum í Evrópu, meðal annars BBC-hljómsveitinni í Skotlandi, Sinfóníuhljómsveitinni í Þrándheimi, og Sinfóníuhljómsveitinni í Tókýó. Hann hefur stjórnað SÍ tvisvar sinnum áður, í mars 2009 í efnisskrá með verkum eftir George Gershwin og Leonard Bernstein, og í febrúar 2010 þegar hann stjórnaði tónleikum með bandaríska fiðluleikaranum Hilary Hahn.

UM EFNISKRÁNA

ERICH WOLFGANG KORNGOLD (1897–1957)

Kvikmyndatónlist á sér orðið langa sögu og fyrstu tónskáldin sem helguðu feril sinn listforminu eru mörgum gleymd þótt þau hafi haft mikil áhrif á þau sem á eftir komu. Til dæmis má fullyrða að austurríska tónskáldið Erich Wolfgang Korngold (1897–1957) hafi gert meira en nokkur annar til að „skapa“ þann heim kvikmyndatónlistar sem enn er við lýði. Korngold var undrabarn í tónlist: Gustav Mahler og Richard Strauss voru báðir agndofa yfir hæfileikum hans og hann fékk tækifæri til að læra hjá bestu kennurum sem völ var á. Þegar hann var 11 ára samdi hann ballettinn *Snjókarlinn* sem naut þvílikrar hylli við Vínaróperuna veturinn 1910 að hann var fluttur sérstaklega fyrir keisarann Frans Jósef. Hann samdi konserta, sinfóníur og óperur, meðal annars *Die tote Stadt* sem var frumflutt árið 1920 og er þekktasta verk hans í klassíska stílum.

Árið 1934 hélt Korngold til Hollywood til að útbúa tónlist Mendelssohns við *Draum á Jónsmessunótt* fyrir samnefnda kvikmynd. Hann kunni vel við sig þar og sneri aftur árið 1938 til að semja fyrir hina rándýru kvikmynd um Hróa Hött, þar sem kvennagullið Erroll Flynn fór með aðalhlutverkið. Nokkrum vikum síðar var Austurríki innlimað í ríki Hitlers, og Korngold, sem var af gyðingaættum, sá sér þann kost vænstan að vera um kyrrt í Hollywood. Korngold hlaut Óskarsverðlaunin 1938 fyrir tónlistina við *Hróa Hött*, sem margir telja einhverja bestu kvikmyndatónlist allra tíma. Hann var einnig tilnefndur til Óskarsverðlauna árin 1939 og 1940. Korngold sagðist nálgast tónlist við kvikmyndir eins og „óperu án söngs“, og tónlist hans einkennist af þykkum hljómsveitarvef og flæðandi, rómantískum laglínunum. Hann sótti fyrirmyndirnar í klassíska tónlist fyrstu áratuga 20. aldarinnar: Richard Strauss, Mahler, Rachmaninoff; og þetta hafa allar götur síðan verið fyrirmyndir þeirra sem hafa staðið fremst í kvikmyndatónsmíðum, eins og John Williams er ekki síst til vitnis um.

BERNARD HERRMANN (1911–1975)

Psycho markaði tímamót á ferli Alfreds Hitchcock og þótti á sínum tíma hans djarfasta verk. Henni var fálega tekið af gagnrýnendum og hreppti engin Óskarsverðlaun, en áheyrendur flyktust í kvikmyndahúsin eigi að síður. Að framlagi Hitchcocks ólöstuðu þykir mörgum tónlistin, eftir Bernard Herrmann (1911–1975), ekki síst ástæða þess að myndin er svo áhrifarík sem raun ber vitni. Herrmann hafði unnið náið með Hitchcock um fimm ára skeið þegar *Psycho* var gerð; áður höfðu þeir starfað að myndunum *The Trouble With Harry*, *The Man Who Knew Too Much*, *The Wrong Man*, *Vertigo*, og *North By Northwest*.



Hljóðfæravalið er eitt af því sem gerir það að verkum að tónlist Herrmanns fyrir *Psycho* sker sig úr. Hér eru engir blásarar eða slagverk, aðeins strengjasveit. Í hugum margra eru fiðlur og selló rómantískhljóðfæri, með hlýjantón og ótalmöguleika á að tjá tilfinningar – eins og hver ástarsenan á fætur annarri ber vitni um í sögu kvikmyndanna. Sjálfur sagði Herrmann að hann hefði viljað endurspegla svart/hvítt andrúmsloft myndarinnar með svart/hvítu hljóði. Hann takmarkar sig bæði hvað snertir hljóðgjafana og tónefnið sjálft: í *Psycho* eru engar eftirminnilegar laglínur heldur örmá rytmísk mótíf sem eru endurtekin hvað eftir annað, og bæta miklu

við spennuþrungið andrúmsloft myndarinnar.

Sagt er að Hitchcock hafi lítið vit haft á tónlist og að stundum hafi verið tilviljun háð að útkoman var jafn áhrifarík og raunin varð. Í *Psycho* hafði Hitchcock upphaflega hugsað sér léttan djass sem undirleik við sálfræðitryllinn, en Hermann tók slíkt ekki í mál. Frægasta atriði myndarinnar er vitaskuld sturtusenan fræga, sem Hitchcock hafði upphaflega hugsað sér alfarið án tónlistar. Þegar myndin var nærri tilbúin kom í ljós að áhrifin voru ekki sérlega sterk, og Herrmann grátbað meistarann um að leyfa sér að reyna að semja tónlist við það. Útkoman er eitt eftirminnilegasta atriði gervallrar kvikmyndasögunnar og þar eiga ómstríðir strengjaklasar Herrmanns vitaskuld stóran hlut að máli.

JERRALD (JERRY) GOLDSMITH (1929–2004)

Bandaríkjamaðurinn Jerrald (Jerry) Goldsmith (1929–2004) var eitt afkastamesta kvikmyndatónskáld á síðari hluta 20. aldar. Hann hlaut aðeins ein Óskarsverðlaun fyrir framlag sitt – fyrir myndina *The Omen* árið 1976 – en var tilnefndur til sautján slíkra verðlauna, auk níu Golden Globe-verðlauna. Goldsmith var hámenntaður í klassískri tónlist og nam meðal annars píanóleik, hljómfærði og kontrapunkt í Los Angeles hjá Mario Castelnuovo-Tedesco sem var merkt tónskáld frá Ítalíu, af gyðingættum og flýði fasismann árið 1939, og Mikós Róza, sem einnig reyndist mikill áhrifavaldur. Hann fékk fyrstu tækifæri sín um miðjan sjötta áratug 20. aldarinnar, m.a. við sjónvarpsþættina *The Twilight Zone* og *The Man from U.N.C.L.E.* Hann vann síðar með mörgum helstu

leikstjórum samtímans (Spielberg í *Poltergeist*, Ridley Scott í *Alien* og Polanski í *China-town*), en frægastur er hann fyrir samstarfið við Franklin J. Schaffner, sem leikstýrði m.a. *Planet of the Apes*.

Hér heyrast þrjú brot úr fyrstu Apaplánetumyndinni. Tónlist Goldsmiths undirstrikar furðulegt og oft ógnvænlegt andrúmsloft myndarinnar með stemningsríkum blásturstónum og ágengum trommuslætti. Lokabátturinn er æsispennandi eltingaleikur þar sem mannskepurnar, með Charlton Heston fremstan í flokki, reyna að flýja undan apakyninu.

JONATHAN (JONNY) GREENWOOD (F. 1971)

Breski tónlistarmaðurinn Jonathan (Jonny) Greenwood (f. 1971) er frægastur fyrir að vera gítar- og hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Radiohead. En Greenwood stundaði klassískt tónlistarnám frá barnæsku og hefur á undanförunum árum snúið sér aftur að framsækinni klassískri tónlist með áhugaverðum árangri. Verkið *Popcorn Superhet Receiver* er án efa það óvenjulegasta á efniðskrá kvöldsins. Það var pantað af BBC Radio 3 og frumflutt af BBC Concert Orchestra í Lundúnum vorið 2005.

Greenwood segir sjálfur um verkið: „Þetta var fyrsta verk mitt fyrir hljómsveit og það er litað af barnæsku minni. Í bíl foreldra minna voru ávallt sömu fjórar hljóðsnældurnar. Þær voru: lög Simons og Garfunkels, hornkonsertar Mozarts, og tónlist úr tveimur söngleikjum, *Flower Drum Song* og *My Fair Lady*. Á löngum bílferðum, þegar fjölskyldumeðlimir höfðu fengið nóg af tónlistinni sem var í boði, hlustaði ég á vélarniðinn og fannst að ef ég einbeitti mér nógu mikið gæti ég heyrð tónlistina á kassettnum í bakgrunni. Ég gerði þetta klukkustundum saman og fannst ég stundum heyra hvert einasta smáatriði í tónlistinni. Það var þessi minning um hávaða í bakgrunninum, og útvarpstæki, sem kom mér á bragðið með að semja þetta tónverk.“

Popcorn Superhet Receiver var eitt nokkurra verka sem Greenwood samdi sem staðar-tónskáld BBC Concert Orchestra, og fyrir það hlaut hann Bresku tónskáldaverðlaunin 2006. Ári síðar notaði leikstjórinn Paul Thomas Anderson verkið í mynd sinni, *There Will Be Blood*. Í verkinu leikur Greenwood sér að ýmsum áhrifum: meðal annars lætur hann hljómsveitina framkalla „hvítt suð“, auk þess sem hann kveðst hafa verið undir sterkum áhrifum af verki Krysztofs Penderecki, *Harmhljóð um fórnarlömb Hiroshima*, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur einmitt á tónleikum í byrjun febrúar.

NINO ROTA (1911–1979)

Ítalska tónskáldið Nino Rota (1911–1979) var náinn samstarfsmaður Federicos Fellini og Luchinos Visconti um áratuga skeið, auk þess sem hann samdi tónlistina við Shakespeare-myndir Zeffirellis auk *Guðföður*-myndanna sem Francis Ford Coppola leikstýrði. Fyrir *Guðföðurinn* fékk Rota Óskarsverðlaun fyrir bestu tónlist árið 1974.

Rota var sérlega afkastamikið tónskáld, samdi yfir 150 tónverk á tæplega hálfrar aldar ferli. Þegar ferill hans stóð sem hæst samdi hann tónlist við um tíu kvikmyndir á hverju ári, og þar með er ekki öll sagan sögð: Rota samdi tíu óperur, fimm balletta og tugi annarra verka fyrir hljómsveit og kammerhópa. Hér hljóma tveir kaflar úr tónlistinni við *Guðföðurinn*: Sikileykska hjarðljóðið þar sem enskt horn er mjög í forgrunni, og því næst ástarstefið fræga.

JOHN BARRY (f. 1933)

Það er leitun að kvikmyndatónlist sem hefur náð jafnmiklum almennum vinsældum síðustu hálfa öld og lögin sem samin hafa verið fyrir James Bond-myndirnar sem alls eru nú orðnar 22 talsins. Fjöldi þekktra tónlistarmanna hefur komið þar við sögu: m.a. Shirley Bassey, Duran Duran, Paul McCartney, Tina Turner, Carly Simon, a-ha, Nancy Sinatra og Madonna. Það stef sem flestir tengja við Bond heyrir fyrst í *Dr. No* og er eignað Monty Norman, en að öðru leyti var tónlistin við þá mynd og 10 aðrar í sögu Bond-myndanna samin af John Barry (f. 1933). Hann er menntaður klassískur píanóleikari, lærði tónsmíðar á unglingarárum, og hefur hlotið fimm Óskarsverðlaun, meðal annars fyrir *Out of Africa* (1986) og *Dances With Wolves* (1991).

Svalt yfirbragð Bond-myndanna er ekki síst að þakka flotttri tónlist og útsetningum Barrys, með hvössum málmblasturshljómum og seiðandi strengjaspili. Á þessum tónleikum hljómar syrpa vinsælla Bond-laga þar sem gefur að heyra hvern smellinn á fætur öðrum: auk „Bond-stefsins“ ódaudlega má nefna lögin Nobody Does It Better (eftir Marvin Hamlisch), Live and Let Die (Paul McCartney og George Martin), og For Your Eyes Only (eftir Bill Conti).

JOHN TOWNER WILLIAMS (F. 1932)

John Towner Williams (f. 1932) er tvímælalaust einn áhrifamesti tónlistarmaður samtímans þegar þess er gætt að vart finnst það mannsbarn í hinum vestræna heimi sem ekki hefur hrifist af tónlist hans fyrir kvikmyndir. Ferill Williams spannar sex áratugi og fleiri metsölukvikmyndir en nokkurt annað tónskáld getur státað af. Hann hefur samið tónlist fyrir ferna Ólympíuleika, unnið til fimm Óskarsverðlauna og hreppt Grammy-verðlaunin í 21 skipti. Hann hefur verið tilnefndur til Óskarsins samtals 45 sinnum og þar skákar honum enginn nema Walt Disney.

Williams fæddist í New York, sonur djasstrommara sem lék með kvintetti Raymonds Scott, en fluttist ungur til Los Angeles með foreldrum sínum. Hann gekk í Kaliforníu-háskóla og lærði tónsmíðar hjá Mario Castelnuovo-Tedesco, sem einnig var kennari Jerrys Goldsmith. Þegar Williams hafði lokið háskólanámi tók við þriggja ára þjónusta í flugher Bandaríkjanna en að henni lokinni hélt hann aftur á æskuslóðir í New York, nú til að nema píanóleik við Juilliard-tónlistarháskólann. Því má ljóst vera að Williams er hámenntaður klassískur tónlistarmaður þótt ferillinn hafi snemma tekið óvænta beygju.

Það var árið 1974 sem ungur leikstjóri að nafni Steven Spielberg kom að máli við Williams og falaðist eftir kröftum hans við fyrstu mynd sína í fullri lengd, *The Sugarland Express*. Síðar unnu þeir saman að *Jaws* og *Close Encounters of the Third Kind*, og þegar kom að gerð *Stjörnustríðs* kom enginn nema Williams til greina. Nú samdi hann risavaxið símfóníuskor í anda Wagners og Richards Strauss, með leiðstögustefjum sem gefa til kynna persónur eða atburði eftir því sem myndinni vindur fram. Williams hefur samið tónlistina við allar sex myndirnar og til að gefa hugmynd um umfangið má nefna að það myndi taka um 14 klukkustundir að flytja tónlistina við *Stjörnustríð* í heild sinni. Árið 2005 stóð Bandaríska kvikmyndaakademían fyrir því að útnefna bestu kvikmyndatónlist allra tíma og þarf varla að koma á óvart að þar hafi *Stjörnustríð* orðið fyrir valinu.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 20. JANÚAR 2011

1. fiðla

Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Rósa Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
María Weiss
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Christian Diethard

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfr Alfreðsson
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovisa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Ármann Helgason

Saxófónn

Sigurður Flosason

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Jóhann I. Stefánsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó & Celesta

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Gítar & mandolín

Snorri Örn Snorrason

Harmónikka

Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

samstarfsaðilar



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
– Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is